

SAMSTARFSNEFND SKÍÐASVÆÐA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Ár 2019, þriðjudaginn 29. október var haldinn 378. fundur Samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var haldinn í Borgartúni 14 og hófst kl. 09:05.

Mættir: Diljá Ámundadóttir Reykjavík, Guðmundur Geirdal varamaður fyrir Höllu Karí Hjaltsted Kópavogi, Rúnar Bragi Guðlaugsson Mosfellsbæ, Magnús Örn Guðmundsson Seltjarnarnesi, Kristín María Thoroddsen Hafnarfirði og Björg Fenger Garðabæ. Jafnframt: Magnús Árnason framkvæmdastjóri skíðasvæðanna, Andrés B. Andreason fjármálastjóri og Helga Björnsdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Petta gerðist:

1. Lögð fram uppfærð fimm ára framkvæmdaáætlun og rekstraráætlun fyrir skíðasvæðin.

Nefndin lagði fram eftirfarandi bókun:

Áætlun um stórfellda uppbyggingu á Skíðasvæðum höfuðborgarsvæðisins í Bláfjöllum og Skálafelli hefur nú legið fyrir í langan tíma. Veruleg undirbúningsvinna hefur átt sér stað sem miðar fyrst og fremst að tryggja vatnsvernd á Bláfjallasvæðinu. Unnið hefur verið markvisst að tillögum að mótvægisáðgerðum til að tryggja framgang málsins. Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna hafa þegar samþykkt áætlunina. Skipulagsstofnun úrskurðaði síðastliðið vor að fyrirhugaðar framkvæmdir þyrftu ekki að fara í umhverfismat og kærðu Veitur og Hafnarfjarðarbær niðurstöðuna. Hafnarfjörður hefur dregið kærana til baka. Samstarfsnefnd Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins skorar á Veitur ohf. að draga til baka kærana enda hafi verið brugðist við áhyggjuefnum Veitna eða þau komin í ferli. Frekari tafir setja uppbyggingaráform í uppnám.

Fundi slitið kl. 10:23.

Diljá Ámundadóttir

Björg Fenger
Rúnar Bragi Guðlaugsson
Kristín María Thoroddsen

Guðmundur Geirdal
Magnús Örn Guðmundsson